

Garðar Þorsteinsson framkvæmdastjóri Sjómannadagsins:

Sjómannadagurinn var stofnaður til þess að efla samstöðu meðal sjómanna

SJÓMANNADAGURINN hefur aðsetur í húsakynnum Hrafnistu í Reykjavík. Garðar Þorsteinsson er framkvæmdastjóri Sjómannadagsráðs og Morgunblaðið ræddi við hann í tilefni af 50 ára afmæli Sjómannadagsins. Um-ræðuefnið er þessi dagur, sem helgaður er sjómönnum og það starf sem unnið er á vegum Sjómannadagsráðs. Garðar rifjar fyrst upp tilefni þessa hátíðsdags.

„Sjómannadagurinn er stofnaður í upphafi til þess að efla samstöðu meðal sjómanna, bæði yfir- og undirmanna á kaupskipum og fiskiskipum hér í Reykjavík og í Hafnarfirði, til þess að halda einn dag hátíðlegan, bæði til þess að gleðjast og til að minnast látinna sjómanna. Og þessa hefur alltaf verið gætt. Síðan Sjómannadagurinn var stofnaður hefur verið haldin minningarguðsþjónusta í Dómkirkjunni, þar sem biskup Íslands eða staðgengill hans hefur minnst druknaðra sjómanna, þeirra sem farist hafa á milli sjómannadaga. Um leið og þeirra er minnst, er alltaf lagður blómsveigur að leiði óþekktar sjómanna, sem er í Fossvogskirkjugarði.

Höldum uppi gömlum hefðum

Í lögum um Sjómannadaginn er það líka, að markmið Sjómannadagsins er að efla róður, róðraræfingar meðal íslenskra sjómanna og annarra og að halda uppi gömlum hefðum sjómanna á margvíslegan hátt. Þó hafa fallið niður nú síðustu árin ýmsar keppnir, eins og til dæmis stakkasund og björgunarsund í sjó. Því miður, það er skaði.

Nú er sjómannadagurinn haldinn hátíðlegur í 51. sinn, en þessi stofnun, Sjómannadagurinn, er 50 ára. Fyrst var haldið upp á sjómannadaginn 6. júní 1938. Af þessu tilefni er dagskráin viðameiri nú en venja er til. Það verða í rauninni fjögurra daga hátíðahöld, frá fimmtudegi til sunnudags. Forseti Íslands heimsækir Hrafnistu í Hafnarfirði og í Reykjavík. Við höfum fengið danska skólaskipið Georg Stage í heimsókn og færeyskar skútur munu heimsækja okkur, einnig danska varðskipið Hvítbjörninn. Sérstök hátíðardagskrá verður haldin í Laugarásbíói þar sem forsetinn og margir helstu framámenn þjóðarinnar verða gestir.

Arnarrím

Á meðal þess sem verður til skemmtunar á hátíðarsamkomunni (hún var síðastl. föstud., innsk. Mbl.) er kórsöngur þar sem sungið verður nýtt tónverk eftir Sigfús Halldórsson. Hann tileinkar Sjómannadeginum tónverkið, sem hann kallar **Arnarrím** og það er samið við bæði kvæði og stökur eftir Örn Arnarson, en sjómannadagssamtökin eiga höfundarréttinn á verkum Arnar Arnarsonar. Það má geta þess, að Sigfús Halldórsson hefur tileinkað Sjómannadeginum ein fjögur tónverk. Það eru **Stjáni blái**, **Þakkargjörð**, **Til sjómanna-ekkjunnar**, og núna **Arnarrím**.

Nýr minnisvarði

Á sjálfan sjómannadaginn hefst


dagskrá klukkan níu með því að vígður verður í Fossvogskirkjugarði nýr minnisvarði um óþekktar sjómanna. Við létum byggja þetta minnismerki núna í tilefni af 50 ára afmæli dagsins í samvinnu við Kirkjugarða Reykjavíkur. Gamla minnismerkið var orðið það að þrengt af trjám á nærliggjandi leiðum, að það var orðið illmögulegt að sjá það eða komast að því. Síðan verður dagskráin með hefðbundnum hætti og endað með hátíðarsamkomu um kvöldið.

Við þurfum að sjálfsögðu líka að gera eitthvað fyrir gesti okkar erlenda sem heimsækja okkur á skipum sínum. Þetta er í fyrsta skipti sem útlendar skútur heimsækja okkur í tilefni af sjómannadeginum.

Einstakt fyrirbæri

Eru einhver formlæg erlend samskipti á vegum Sjómannadagsins? Erlend samskipti eru helst við Norræna öldrunarráðið. Við eigum talsverð samskipti við Norðurlönd á því sviði, það eru helst erlendu samskiptin.

Er til eitthvað sambærilegt við Sjómannadaginn í öðrum löndum? Ég held,“ segir Garðar og hugsar



Morgunblaðið/Bjarni

Garðar Þorsteinsson fyrir framan aðsetur Sjómannadagsins að Hrafnistu í Reykjavík.

sig vel um, „að ég megi fullyrða það, að þetta sé alveg einstakt.“

Stofnun og dagur með sama nafni

Sjómannadagurinn er heilsársstofnun, sem rekur dvalar- og hjúkrunarheimili fyrir aldrara og ýmsa starfsemi aðra. Almennigur tengir það ef til vill ekki saman, þessa stofnun og Sjómannadaginn, sér

kannski aðeins einn einstakan fánadag í miðbænum með ræðuhöldum og slíku. Hefur Garðar orðið var við það, að fólk viti ekki um þessi tengsl?

„Þetta er alveg rétt. Það eru margir sem undrast þegar maður segist vinna hjá Sjómannadeginum: „Hvað er hægt að gera þar allt árið, þetta er bara einn dagur?“ er spurt. En, vel að merkja, Sjómannadagurinn er starfandi allt árið sem

stjórnunaraðili að þessum fyrirtækjum. Þau eru báðar Hrafnisturnar, Happraetti DAS, Laugarásbío og svo er líka jörð austur í Grímsnesi þar sem sjómannafélag hafa komið sér upp orlofshúsum.“

Er fyrirsjáanlegt að Sjómannadagurinn auki á einhvern hátt við hlutverk sitt, til dæmis varðandi minjar eða fræðslu?

„Sjómannadagssamtökin hafa alltaf látið sig skipta talsvert miklu mál sem varða sjóminjasöfn. Það hefur verið mikill áhugi hér innan ráðsins á að fylgjast náið með framvindu mála til þess að koma upp myndarlegu sjóminjasafni, sem reyndar er góður vísir að í Hafnarfirði. En við hefðum viljað stefna hærra og hafa það myndarlegt sjóminjasafnshús. Ég sé þó ekki fram á að við munum geta ráðist í slíka framkvæmd á næstu árum.

Fræðslu höfum við reynt að stuðla að og þá sérstaklega í sambandi við heilbrigðis- og öldrunarþjónustu. Það hefur einkum varðað menntun starfsfólks.“

Aldraðir heiðraðir

Á sjómannadaginn hafa aldraðir sjómenn verið heiðraðir og oft ýmsir aðrir, hvernig er staðið að því?

„Það eru stéttarfélag sem eiga aðild að Sjómannadagsráði, sem tilnefna til okkar menn sem heiðra skal. Við tökum síðan endanlega ákvörðun um hvernig og hversu margir eru heiðraðir. Mat stéttarfélaganna byggist á því, að viðkomandi hafi verið lengi til sjós, verið traustir og dyggir í sínu starfi, farsælir bæði í starfi og sem félagar og stuðlað vel að málum innan síns stéttarfélags. Síðan hefur Sjómannadagurinn einnig heiðrað marga velunnara Sjómannadagsins, menn sem hafa unnið í þágu sjómannastéttarinnar, t.d. með ritstörfum, að slysavörnum og fleira og fleira. Menn sem ekki hafa beint tilheyrt samtökum sjómanna.

Garðar Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Sjómannadagsráðs er að lokum spurður um samskipti ráðsins og Slysavarnafélagsins, eru þau einhver önnur en sýningar á sjómannadaginn?

„Kannski ekki beint samstarf,“ segir hann. „En það eru mjög nán samskipti okkar, sérstaklega í kring um sjómannadaginn, við Slysavarnafélagið. Flestir erum við miklir velunnarar Slysavarnafélagsins og margir eru evisfélagar þess. Náinn kunningsskapur og nán samskipti hafa ætíð verið góð á milli Sjómannadagsins og Slysavarnafélags Íslands.“

Getur verið að ég fái mér stærri bát

TVEGGJA tonna trilla skýst upp að löndunarkrananum. Það er Pálmi RE að koma utan af sviði og um borð er Guðmundur Valdimarsson einn á báti. Hann snarar aflanum á land, það eru um 200 kíló af þorski. Ein síld er eftir, hann segir að löðað hafi á milka kekki þarna úti á flóanum, sennilega síld. Þessi eina hafði flækst

í net hjá honum. Þegar hann hefur komið aflanum upp, spyrjum við hann hvort hann hafi verið lengi til sjós.

„Já, ég hef verið það mest alla mína tíð held ég og alltaf á trillu. Ég hef að vísu komið um borð í stærri bát, en það er varla að heitið geti.“ Er hann alltaf einn á báti?

„Já, svona meiripartinn. Ég var með mann með mér í vetur á vertíðinni. Núna einn. Ég er með þrjátíu net í sjó hérna vestur á Sviði, það er svona hálfur annar tími fyrir mig,“ segir Guðmundur.

„Það losar eitthvað tuttugu tonn núna síðan í maí,“ segir hann spurður um aflabrogð. „Ég held að það sé ágætt á þetta horn miðað við

það sem hefur verið. Þetta er ekki nema tveggja tonna horn.“

Hann hefur þá upp í útgerðarkostnað? „Ja, það fer nú eftir því hvernig á það er lítið sko. Það fer mikið í þetta aftur.“ Guðmundur hefur átt bátinn í hálfan fjórtánda mánuð og segir hann hafa reynst vel. Á kannski að stækka við sig? „Það getur vel verið að ég fái mér stærri bát, jájá. Annars hef ég alltaf verið á grásleppu á þessum tíma. Sleppi því núna, það er verðið, það er svo lágt. Svo hefur lítil veiði verið. Það er ekkert verð á hrognunum. Það er skárna að koma með þetta dags daglega, svona tvö hundruð kíló af fiski heldur en svona fimmtíu kíló af hrognum eins og grásleppuveiðin hefur gengið í ár.“

Hvernig hefur veiðin verið að jafnaði? „Maður fær svona þrjú hundruð kíló að jafnaði eftir daginn, það er stundum meira. Ég tvírerí einu sinni á vertíðinni. Svo er minna inn í milli.“

Taka trillukarlar sér frí á sjómannadaginn? „Sjómannadagurinn. Hann er ágætur út af fyrir sig, en ég held að það séu fáir trillukarlar sem taka hann hátíðlega upp á að taka sér frí. Ætli maður taki sér nú ekki samt frí þetta árið.“



Morgunblaðið/Þorkell

Guðmundur Valdimarsson á Pálma RE.